



Athugasemdir við eyðublaðaskema island.is

Í þessu skjali er samantekt og viðbrögð við athugasemdum sem fram hafa komið á eyðublaðaskema island.is og samhangandi skýrslu. Í viðhengi má finna athugasemdirnar með orðum rýnenda. Ekki er talin ástæða til að gera breytingar á skema né skýrslu í kjölfar þessara athugasemda, enda er hvort tveggja sett fram sem upplegg fyrir umræðu og frekari þróun (sbr. svar 2).

Fagna ber því hversu margir komu með athugasemdir enda um flókið efni að ræða og alls ekki sjálfgefið að rýnendur gefi sér mikinn tíma í skoðun á þessu máli. Athugasemdir voru gagnlegar og sýndu góðan skilning á viðfangsefninu. Almennu voru viðtökur rýnenda jákvæðar og var vinnu við skemað fagnað sem þörfu verki (sbr. svar 6). Almennu má segja að flestir rýnendur hafi verið sammála um að brýnt væri að halda þessari vinnu áfram og finna henni vel skilgreindan farveg þar sem aðkoma fagaðila væri tryggð og lagfæringar og útgáfustýring væru í föstum skorðum (sbr. svar 5).

Hér á eftir er reynt að svara framkomnum athugasemdum eftir bestu getu. Spurningar eru númeraðar og eru teknar beint úr texta athugasemda sem finna má í viðhengjum. Svör eru á eftir hverri spurningu.

1. Það því reyndar ekki rétt í skjalinu að ekkert XForms hönnuður sé til sem virki í helstu browserum því okkar gerir það
 - € Svar: Því er ekki haldið fram að ekki séu til XForms hönnuðir (bent er á að unnt sé að nálgast nokkra á vef OASIS) heldur það að þeir eru margir ennþá í þróun og ekki í almennri útbreiðslu. Ekki voru tók á því í þessu verkefni að skoða XForms ritla. Sjá einnig svar 26.
2. mikilvægt að ekki sé kastað til hendinni þegar staðallinn er rýndur og hann sé gefinn út
 - € Svar: Þessi stöðlungur er uppkast og útgáfa hans krefst þess að hann sé kláraður og stjórnsýsla skilgreind sem heldur utan um hann. Um þetta er fjallað í lok skýrslunnar.
3. dýrt fyrir viðskiptavinum [x] ef þessi staðall væri að taka stöðugum breytingum
 - € Svar: Breytingar á þessum staðli verða að fara í gegnu skilgreint ferli (sjá svar 2). Í slíku ferli verður að leitast við að hafa breytingar hlutlausar gagnvart kerfum sem nota eldri útgáfur. Þetta er allt að því gefnu að þessi staðall verði gefinn út formlega sbr. svar 2.
4. Við minnum á mikilvægt þess að haft sé samvinna við þau innlendu fyrirtæki sem hafa þekkingu og reynslu af gerð staðla og hagsmuni af innleiðingu þeirra.
 - € Svar: Sjá svar 2.
5. ... fá upplýsingar um hver framtíðaplön eru varðandi þennan staðal, til dæmis varðandi innleiðingu hans, viðhalds og framþróun, þar sem slíkt er forsenda þess að fyrirtæki sem þróa hugbúnað fyrir alþjóðlegan markað geti byggt á honum.
 - € Svar: Sjá svar 2. Þetta (þ.e.a.s. framtíðarplön) er mjög mikilvægt og hlýtur að vera næsta skref að skilgreina.



6. Þetta er áhugavert verkefni og þarft. Eftir að hafa lesið yfir skýrsluna og farið yfir skema skjölin höfum við engar mikilvægar athugasemdir. Þetta er opið skema og ágætis leið til að nálgast vandamálið.
€ Svar: Þetta virðist vera almenn niðurstaða þeirra sem rýna skjalið, sem er eins og komið hefur fram uppkast. Sjá svar 2.
7. ekki verið að einskorða sig við 6 lög
€ Svar: Ástæðan fyrir takmörkun við 6 lög er galli í kóðasmíði (e: auto-generated C# code) þegar um endurtekin (e: nested) tög er að ræða. Þessi takmörkun var því sett inn til að bregðast við gallanum. Sex lög ættu að vera nóg sbr. líka spurningu 14.
8. fljótt á titið sjáum við fyrir okkur að geta stutt þetta skema í ákveðnum skrefum ... 1 skref; hlaða inn og út (e. inport/export) eyðublaði í þessu skema: Þetta er hægt að gera fljótlega og án mikils tilkostnaðar.
€ Svar: Gott mál
9. 2 skref; stuðningur við miðlæga innskráningu og rafræna undirritun. Gera notendum kleift að nota miðlæga auðkenningu frá island.is. Þetta veltur á því hvenær þessi þjónusta verður tilbúin hjá island.is og hvernig hún er útfærð.
€ Svar: Þessi þjónusta er tilbúin og í notkun.
10. 3 skref; eyðublaðið dulkóðað. Tæknilega er þetta hægt í dag en þetta veltur á samræmingu þeirra aðila og kerfa sem koma að viðkomandi eyðublaði.
€ Svar: Veltur á framtíðarplönunum. Sjá svar 5.
11. Almenn, vottaður stuðningur: Hafið þið hugsað ykkur að votta þau kerfi sem koma til með styðja þetta skema á einhvern hátt?
€ Svar: Þetta verður að fjalla um þegar framtíðarplönin verða lögð. Sjá svar 5.
12. Almenn, tímarammi: Okkar viðskiptavinir eru spyrja hvort Eyðublaðakerfið styðji þetta skema og líka hvenær það muni gera það. Gott væri að fá viðmiðunardagsetningar frá ykkur varðandi þetta skema og síðan miðlæga Rafræna auðkenningu?
€ Svar: Sjá svar 11.
13. En hvað er eyðublað? Ef eyðublað er birt notanda í fleiri en einu skrefi, er þá hvert skref eyðublað? Eða eru allar birtingar skilgreindar saman í einu stóru eyðublaði. Dæmi: Á síðu 4, hvernig vitum við að við eigum ekki að birta spurningar um maka byggt á "áttu maka" svari á síðu 1?
 - a. A. Að gefa sér að hvert fyrsta-level gagnaknippi sé "skref".
 - b. B. Að leyfa fleiri en eitt Formular (eyðublað) per skilgreiningu.
 - c. C. Aðskilja gagnalýsinguna frá skilgreiningu á eyðublaðinu sjálfu.€ Svar: Skemað felur í sér þá nálgun sem listuð er sem liður c. Eyðublað samkvæmt skýrslu og skema er gagnalýsing frekar en útlitslýsing (birtingarform).
14. Er þörf á takmörkunum á því hversu djúpt gagnaknippi mega fara? Ekki að ég sjái þetta sem vandamál. En mér er hulinn tilganginn með því að búa til þessa takmörkun. Í ritlinum sem ég er með í smíðum, og margra ára starfi sem vefformasmíður, hef ég ekki haft raunverulega þörf á meiri knippum en 2 level'um á dýpt. Þessi takmörkun á samt kannski frekar heima í editor en í staðlinum sjálfum.
€ Svar: Sjá svar 7.
15. Reyndar virðist staðallinn mjög miðaður að því að lýsa gögnunum sem taka á við í gegnum eyðublaðið. Þarna þarf nauðsynlega aðkomu viðmótsfræðings að staðlagerðinni.



- € Svar: Sjá svar 13. Rétt er að taka undir þessi viðhorf að því leytinu til að best væri við endurskoðun og útgáfu staðalsins að bæta við stillingum í gagnaskemað sem segja nánar til um æskilega birtingareiginleika að mati eyðublaðahöfundar.
16. Mér finnst mjög undarlegt að ekki skuli vera gert ráð fyrir að það eigi að vera takkar á rafrænum eyðublöðum
- € Svar: Þetta er gagnaskema, ekki birtingar- eða virknilýsing eyðublaðsins. Sjá þó svar 15.
17. Það þarf að vera hægt að birta upplýsingar (og/eða gögn) á eyðublaðinu án þess að það séu eiginlegir reitir/gögn. Hér á ég við útskýringatexta (hvort sem hann er HTML eða einfaldur texti), fyrirsagnir, og texta-stikur, og mögulega útskýringamyndir (þótt það sé kannski frekar hæpið).
- € Svar: Hægt er að birta skýringartexta og jafnvel myndir. Til þess er einmitt ReadOnly eigindin.
18. Aðferðir til þess að hægt sé að sannreyna gögnin sem taka á við virðast frekar takmarkaðar, þótt gagnatýpum séu gerð góð skil. Dæmi um slíkt eru @Min og @Max eigindin sem gert er ráð fyrir inni í stöðlunginum og gefa kost á takmörkun á hæsta og lægsta gildi. Þótt ég finni ekki aðferðina við að takmarka útfyllingu á tilteknum reitum byggt á öðrum, þá sé ég á skjöluninni að það hefur a.m.k. verið skoðað og hugleitt. Það þarf að vera hægt að gera svæði ýmist "nauðsynleg" eða "óþörf" eftir því hvort að einn eða fleiri reitir svara tilteknum reglum.
- Pað er ekki gefið að fyrirsagnir sem birtar eru notanda séu alltaf fastar á gagnaknippi. Að mínu mati er þó hægt að réttlæta þá kröfu, sérstaklega ef einhver tók eru á því að "tagga" statískan birtingartexta.
 - Kreditkortanúmer
 - Póstnúmer
 - Land, eða þjóðerni
 - Password / Secret
 - Pað þarf að vera hægt að búa til reiti þar sem notandi getur slegið inn eitthvað eins og lykilorð, eða pin-númer, án þess að það sjáist á skjánum.
- € Svar: Sjá svar 15. Athugið að þegar eyðublað er búið til í fyrsta skipti má búa til nýtt skema sem erfir frá þessu, en er þrengra varðandi skilgreiningar. XML skjal sem búið er til útfrá slíku skema er samhæft við þetta skema.
19. Eigindi sem vanta í stöðlunginn
- Klasamerking (eins og xHTML @class), eða einhverskonar taggability sem hægt er að varpa yfir í slíkt.
 - Hint / help
 - Eining (e. unit) / Snið insláttar
 - Fleira ...
- € Svar: Sjá svar 15.
20. Það er mín skoðun að lang stærsta vandamálið við rafræn eyðublöð sé viðhald þeirra. Það getur verið töluverður kostnaður fólgin í því að búa þau til, en mikilvægt er að sá kostnaður sé ekki greiddur í hvert skipti sem smávægilegar breytingar þurfa að eiga sér stað. Sú niðurstaða skjölunarinnar að viðhald eyðublaða sé forritun er að okkar áliti umdeilanleg.



- € Svar: Sú fullyrðing að viðhald eyðublaða sé forritun á við ástandið nú. Gert skemans er einmitt skref í þá átt að viðhaldið og reyndar frumgerðin verði minna háð forritun. Helst þarf að komast aftur í þá stöðu að fær sérfræðingur stofnunar geti smíðað rafrænt eyðublað án aðkomu forritara.
21. En miðað við það er gert ráð fyrir að skilgreiningin á eyðublöðunum verði XML skjöl en ekki XML skema(xsd). Við teljum þetta ekki skynsamlegt þar sem forritanlegur stuðningur við þannig skilgreiningar er ekki góður og erfitt getur reynst að sannreyna að útfyllt XML skjal uppfylli kröfur skilgreiningarinnar.
- € Svar: Það er ekki gert ráð fyrir að skilgreiningin sé XML skjal þótt eyðublaðið sé XML skjal. Gert er ráð fyrir að unnt sé að skilgreina XML skema sem erfir frá þessu en er með þrengri skilgreiningar sem gera sannreyningu gagna (e: validation) auðveldari. Sjá svar 18.
22. Vandamálið við Formular gagnatagið er að ekki er hægt að nota það sem grunnklasa í öðrum XSD skemum þar sem notaðar eru DataGroup gagnatög
- € Svar: Nota má TypeFormular í stað Formular.
23. Mælt er til þess að einhverskonar hönnunarreglur verði ákveðnar og skjalaðar.
- € Svar: Sammála. Sjá svar 5.
24. Stofna ætti fagråd sem fer yfir allar nýjar eyðublaðaskilgreiningar og sér til þess að breytingar á grunnskemum og complex tögum verði gerðar í samráði við sem flesta hagsmunaaðila. Horft er til HL7 (www.hl7.org) sem fyrirmynd af þesskonar fagráði.
- € Svar: Sjá svar 5.
25. Kröfur til virkni rafræns eyðublaðs, s. 11, hér vantar að taka tillit til aðgangs notenda með fötlun.
- € Svar: Sjá svar 15.
26. Sjálfstæð eyðublöð. Hér er Microsoft Word (auk Adobe LiveCycle og MS InfoPath) nefnt til sögunnar en hvergi í skjalinu er minnst á OpenOffice og XForms/XPath stuðning þess sem virðist mun betri en í Word.
- € Svar: OpenOffice hugbúnaður var ekki skoðaður sérstaklega (reyndar ekki hluti verkefnisins að skoða hugbúnað yfirleitt, þótt það hafi verið gert að einhverju leyti). Full ástæða er til að skoða OpenOffice og annan hugbúnað betur. Sjá svar 5.
27. Hér er dregin upp óþarflega dökk mynd af ferlinu.
- € Svar: Þessi mynd á við í mörgum tilfellum þótt líklega sé unnt að stytta sér leið á tíðum.
28. ... legg ég áherslu á að nota helst ensku en annars íslensku. Í tagnöfnum eru að finna orð sem ég hvorki kannast við né finn í orðabók, eins og: Causus (Causus), TypeFormular (Formular)
- € Svar: Þessu má breyta. Formular heitir víst Form á ensku. Causus heitir víst Case á ensku.
29. Auk þess benda mörg tagnöfnin til að skjalið hafi verið unnið í Word eða tóli sem styður ekki annað en 'flöt' xml skemu
- € Svar: Skemað var ekki búið til í Word heldur Altova XMLSpy. Skjalið er langt frá því að vera flatt.
30. BaseEmail: Er einungis reiknað með einu netfangi pr. nafn?
- € Svar: Með skemanu má búa til eins mörg nefng og listir til viðbótar.
31. Væri ráð að vera með veflægan tag-gagnagrunn, til þess að samræma gagnatög hinna ýmsu stofnana og fyrirtækja? Verulegur annmarki á vefnum er að töginn sem notuð eru



í dag lýsa útliti gagna en ekki tegund þeirra. Samræming tag-heita er skref í átt að framtíðarsýn Tim Berners-Lee.

- € Svar: Gerð skemans er einmitt skref í þá átt að samræma gagnatög. Ein meira þarf til sbr. svar 5.
- 32. TypeAddress: City2, hvað er það? Hvað gerist ef bærinn er alltaf í City? Hvort á að nota? Vantar nafn (t.d. ef stíla þarf á annan en nafn)
- € Svar: Nota á City á undan City2. City2 er sett inn vegna þess að í sumum ríkjum er heimilisfang með aukalínu eftir borgarheiti og unda Region. E.t.v. á að kalla City2 einhverju öðru nafni.
- 33. TypeComplex/Name: Hvða er SecondLastName?
- € Svar: Nafnakerfi þjóða er mismunandi. Þetta er tilraun til að aðskilja kenninöfn í tvo flokka.
- 34. TypeComplex/Attributes: Er bara gert ráð fyrir einu þjóðerni?
- € Svar: Já, að sinni, en unnt er að bæta við eins og listir. E.t.v. þarfnast þetta endurskoðunar.
- 35. TypeContactInfo: Hvað með Fax, SIP VOIP, Skype?
- € Svar: Þetta má setja inn sem aukaupplýsingar. E.t.v. þarfnast þetta endurskoðunar.
- 36. Af hverju er netfang skilgreint á fleiri en einum stað?
- € Svar: Hér er væntanlega átt við Person.ContactInfo.Email annars vegar og Person.Contact.ElectronicMail hins vegar. Þetta er gert til að bjóða upp á mismunandi valkosti við skilgreiningar. E.t.v. er rétt að fækka þessum valkostum og nota annað hvort einungis: TypeContactInfo eða einungis ContactType (sem kemur frá OASIS).
- 37. Á TypeOrganization/Members/Organizations [OrganizationID],[Stand] ekki að vera TypeOrganization/Members/Organizations/Organization: [OrganizationID],[Stand]? Hvað er stand?
- € Svar: Að nota TypeOrganization í stað TypeOrganizationIdPool kemur vel til greina. Stand má t.d. nota um meðlimastöðu í einhverjum samningi. T.d. hjúskaparstöðu.
- 38. Annað hvort eru skema skilgreiningar margtaldar eða fleiri en ein skilgreining á sama hlutnum. Sjá: TypeComplex/Name, TypeHeader/Owner/Person, TypePerson
- € Svar: Þetta á ekki að vera tilfellið.
- 39. Samanburður að XML skjölum á bls. 22 til 25 er ekki mjög sanngjarn. Annars vegar er tekið marflatt skjal og hins vegar strúktúrerad skjal skv. stöðlungi. Ég myndi mæla með því að bera saman handvirkt útbúið strúktúrerad XML og svo skjal skv. stöðlungnum. Eins væri ráð að hafa sömu gögn í báðum skjölum, þá verður þetta læsilegra.
- € Svar: Ástæðan fyrir þessum samanburði er sú að flata skemað er það sem kemur út úr vitkum (e: wizards) í hugbúnaðartólum. Ekki er sanngjarnt að bera saman sérsníðað strúktúrerad skema sem mikla vinnu hefur verið lagt í við staðlað skema.
- 40. Ég hef áður nefnt að einn af stóru kostunum við XML formið er að gögnin geta verið læsileg. Því er að mestu varpað fyrir róða með þessum hugmyndum og hefur bæði kosti og galla.
- € Svar: Það er vissulega einn af kostunum við XML formið. Eyðublöð samkvæmt þessu skema er lesanlegt textaform, en ekki auðlæsileg í þeim skilningi að þau sé auðveld í túlkun. Óvænleiki til lestrar er nauðsynleg fórn fyrir almenna virkni skemans.



41. Ég hef töluverðar áhyggjur af seljanleika þessarar stöðlunar. Það er ekki nóg að það sé fólki fyrir bestu að nýta stöðlunginn, það þarf líka að fást til að gera það og sjá sér raunverulegan hag í því.
- € Svar: Almennt hafa viðtökur þeirra hugbúnaðarfyrirtækja sem rýnt hafa staðalinn verið jákvæðar og í raun komið fram að svona vinna sé æskileg. En lengra þarf að ganga sbr. svar 5.
42. Það er athyglisvert að reikningarnir sem nýbúið er að staðla og stöðlungurinn sem hér er settur fram skuli vera ósamrýmanlegir. Það gefur vissulega vísbendingu um að það sé hægara sagt en gert að ætla að búa til almennan stöðlung varðandi eyðublöð.
- € Svar: Rétt. Sjá einnig svar 41.

F.h. Ásverks verkfræðipjónustu
Þorsteinn Helgi Steinarsson



Viðhengi: Frumtexti athugasemda

From: Hjörtur Sturluson - TM Software [mailto:hjorturs@t.is]

Sent: 10. október 2008 09:03

To: thorsteinn@asverk.is

Subject: Rafræn eyðublöð og XML skema island.is

Sæll Þorsteinn.

Hjörtur heiti ég hjá TM Software. Við hér hjá eMR höfum verið að fara yfir skýrslu sem Forsætisráðuneytið sendi okkur til rýni. Við höfum nokkrar athugasemdir og spurningar og ég var því að velta því fyrir mér hvort þú sæir þér fært að líta við hjá okkur við tækifæri?

Kveðjur

Hjörtur.

Kær kveðja / Best regards,

Hjörtur Sturluson

Verkefnastjóri / Program Manager

hjorturs@t.is

TM Software

Urðarhvarf 6, IS-203 Kópavogur, Iceland

Tel: +354 545 3000 - Fax: +354 545 3001

www.t.is

TM Software disclaimer: <http://www.t.is/disclaimer>

Eiríkur Sveinn Hrafnsson <eiki@idega.com>

02.10.2008 12:54

To halla.bjorg.baldursdottir@for.stjr.is

cc [Gunnar Thorisson <gunnar@idega.is>](mailto:Gunnar.Thorisson@idega.is)

Subject Re: Athugasemdir óskast við drög að XML-skema fyrir rafræn eyðublöð

Sæl Halla,

Þetta var mjög skemmtilegt að fá og spaugilegt vegna þess að við vorum þegar emailið barst að ræða stöðlun á xmlinu sem við notum í XForms vefhönnunartólinu okkar í tengslum stjórnsýsluna.

Það því reyndar ekki rétt í skjalinu að ekkert XForms hönnuður sétil sem virki í helstu browserum því okkar gerir það og Ásverk er velkomid í heimsókn hvenær sem er að skoða það.

Gott að sjá að þetta atriði er að komast á hreint og enn betra að sjá að XForms tæknin er ofaná í þessari skýrslu eins og við veðjuðum á þegar við byrjuðum að forrita okkar tól



fyrir um 3 árum síðan.

Við munum klárlega koma með athugasemdir við þessu og hugsanlega getum við rætt þetta líka þegar við hittumst að fara yfir verkefnið sem við erum með í gangi fyrir Neytendastofu eða jafnvel fyrr ef þið hafið áhuga á.

kv.

Eiríkur, Idega.

Reykjavík, 13.10.08

Í framhaldi af tölvupósti sem sendur var þann 2.10 2008 vegna nýs “staðals” sem verið er að skilgreina óskuðum við eftir lengri tíma til að meta staðalinn vegna anna, meðal annars vegna þeirra stöðu sem þjóðfélagið okkar gengur nú í gegn um. Við höfum ekki fengið svar við þeim pósti og óskum því hér með aftur eftir framlengingu á þeim tímamörkum sem eru sett fram í póstinum.

GoPro hefur fjárfest mikið í tækni sem útfærð hefur verið í tengslum við vörur þess og er m.a. í notkun hjá mörgum af stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins og því eru staðlasetning sem þessi mikilvægt fyrirtækinu.

Hér er verið að setja fram gögn sem hafa mikil áhrif á vöruþróun Hugvits sem og verkefni þess hjá viðskiptavinum fyrirtækisins á Íslandi og því mjög mikilvægt að gefinn sé nægur tími og ráðrúm til að rýna þau drög sem fyrir liggja. Þar sem vöruþróun og verkefnavinna kostar mikla peninga er mikilvægt að ekki sé kastað til hendinni þegar staðallinn er rýndur og hann sé gefinn út í, enda mun fylgja kostnaður að innleiða nýjar aðferðir og uppfæra hugbúnað sem til staðar er og slíkt gæti einnig skapað Hugviti skaða sem við gætum þurft að fá bættann. Þá yrði það mjög dýrt fyrir viðskiptavinum Hugvits ef þessi staðall væri að taka stöðugum breytingum.

Við minnum á mikilvægt þess að haft sé samvinna við þau innlendu fyrirtæki sem hafa þekkingu og reynslu af gerð staðla og hagsmuni af innleiðingu þeirra.

Af ofangreindu er ljóst að þetta mál er Hugviti og viðskiptavinum þess mjög hugleikið og mikilvægt. Til viðbótar við það, var seinnipartinn í dag að bætast við langt skjal sem óskað er eftir að við rýnum fyrir n.k. miðvikudag. Við óskum því eftir fresti til að rýna staðalinn í a.m.k. 4 vikur, til viðbótar og að fá upplýsingar um hver framtíðaplön eru varðandi þennan staðal, til dæmis varðandi innleiðingu hans, viðhalds og framþróun, þar sem slíkt er forsenda þess að fyrirtæki sem þróa hugbúnað fyrir alþjóðlegan markað geti byggt á honum.

F.h. Hugvits

Sveinn S. Hannesson



Sveinn S Hannesson <sveinnh@hugvit.is>

03.12.2008 10:47

To halla.bjorg.baldursdottir@for.stjr.is

cc [Kristján Þór Finnsson <kf@qopro.net>](mailto:kristjan@qopro.net)

Subject Re: Athugasemdir óskast við drög að XML-skema fyrir rafræn eyðublað

Sæl Halla,

við erum búin að kíkja aðeins á þetta og lýst ágætlega á. Hefðum gjarnan viljað fara aðeins yfir athugasemdir og spurningar með ykkur Þorsteini Helga frekar en skrifa einhverja greinargerð og senda emaila fram og til baka. Ég er að fara út á eftir en væri hægt að hittast í næstu viku?

Bestu kveðjur/Kind Regards,

Sveinn S. Hannesson

Sími / Phone: +354 510 3127

GSM / Mobile: +354 860 3127

Fax: +354 510 3110

email: sveinnh@qopro.net

www.qopro.net / www.hugvit.is

Grétar Símonarson <gretar@hugurax.is>

13.10.2008 11:31

To <halla.bjorg.baldursdottir@for.stjr.is>

cc

Subject RE: Athugasemdir óskast við drög að XML-skema fyrir rafræn eyðublað

Sæl Halla Björg

Takk fyrir að leyfa okkur að vera með í þessari rýni. Þetta er áhugavert verkefni og þarft.

Eftir að hafa lesið yfir skýrsluna og farið yfir skema skjölin höfum við engar mikilvægar athugasemdir. Þetta er opið skema og ágætis leið til að nálgast vandamálið. Það sem við viljum benda á eru frekar hugleiðingar en beinar athugasemdir:

Kafli 3.3 Grunngerð eyðublaðs: Varðandi þann hátt að nota DataGroup1 til DataGroup6 væri ekki hentugra að nota eftirfarandi aðferð:

```
<DataGroups>
```

```
  <DataGroup>
```

```
    <DataGroups>
```

```
      <DataGroup>
```

```
    ...
```



```
</DataGroup>
  </DataGroups>
</DataGroup>
</DataGroups>
```

Þá væri ekki verið að einskorða sig við 6 lög og einnig væri það læsilegra. Kannski er einhver önnur hugsun þarna á bakvið. Alla vega er þetta bara athugasemd.

Kafli 5.4 Nokkrir staðlar sem hafa með málið að gera: Við veltum fyrir okkur hvort það hafi verið skoðað að nota staðalinn XBRL (www.xbrl.org/Home/). Hann er reyndar nokkuð flókinn og margþættur en einhverjar stofnanir hafa verið skoða innleiðingu á honum.

Einnig vakna nokkrar spurningar varðandi önnur mál sem skýrslan segir til um:

Almennt, vefumsjónarkerfi: Eftir að hafa skoðað okkar Eyðublaðakerfi í Vefþór þá fljótt á litið sjáum við fyrir okkur að geta stutt þetta skema í ákveðnum skrefum:

1 skref; hlaða inn og út (e. inport/export) eyðublaði í þessu skema. Bæta við stuðningi í Vefþór þannig að hægt sé að hlaða inn xml eyðublaði sem gert eftir þessu skema og birta í Eyðublaðakerfinu. Einnig að hægt sé að taka núverandi eyðublað og vista sem xml skjal eftir skemanu.

Með þessum stuðning ætti að vera hægt að skiptast á eyðublöðum (senda á milli aðila) á milli Eyðublaðakerfa sem styðja þetta skema. Þetta á við „útfyllt“ eyðublöð en ekki frumeyðublaðið sjálft og ekki er eyðublaðið auðkennt eða dulkóðað á neinn hátt ennþá. Þetta er hægt að gera fljótlega og án mikils tilkostnaðar.

2 skref; stuðningur við miðlæga innskráningu og rafræna undirritun. Gera notendum kleift að nota miðlæga auðkenningu frá island.is. Þetta veltur á því hvenær þessi þjónusta verður tilbúin hjá island.is og hvernig hún er útfærð.

3 skref; eyðublaðið dulkóðað. Tæknilega er þetta hægt í dag en þetta veltur á samræmingu þeirra aðila og kerfa sem koma að viðkomandi eyðublaði.

Almennt, vottaður stuðningur: Hafið þið hugsað ykkur að votta þau kerfi sem koma til með styðja þetta skema á einhvern hátt?

Almennt, tímarammi: Okkar viðskiptavinir eru spyrja hvort Eyðublaðakerfið styðji þetta skema og líka hvenær það muni gera það. Gott væri að fá viðmiðunardagsetningar frá ykkur varðandi þetta skema og síðan miðlæga Rafræna auðkenningu?

Kær kveðja,
Grétar Simonarson - Verkefnastjóri



gretar@hugurax.is - GSM 820-3008

Innihald þessa póstis er trúnaðarmál og aðeins ætlað því fyrirtæki og/eða einstaklingi sem hann er stílaður á. Ef um mistök í póstsendingu er að ræða ertu vinsamlega beðin(n) að láta sendanda vita og eyða póstinum hið fyrsta.

Þórarinn 'Tóró' Stefánsson <toro@hugsmidjan.is>

To halla.bjorg.baldursdottir@for.stjr.is, Borgar Þorsteinsson
<borgar@hugsmidjan.is>

29.10.2008 10:45

cc

Subject Re: Athugasemdir óskast við drög að XML-skema fyrir rafræn eyðublað

Sæl Halla,

ég bað Borgar Þorsteinsson viðmótsforritara, sem hefur yfirumsjón með smíði formasmíðsins okkar, að skoða þessi drög og bera saman við sína reynslu. Eftirfarandi er hans úttekt sem við höfum yfirfarið í sameiningu (einnig sem Word viðhengi):

Punktur vegna Island.is formaskema.

Eftir að hafa lesið í gegnum stöðlunginn hef ég myndað mér nokkuð góða skoðun á honum. Hún litast eflaust mikið af því að ég hef verið með, um nokkurt skeið, í smíðum tól sem gerir smíði (vef- og rafrænna-) forma auðvelda og notandavæna. Ég hef skoðað töluvert af aðferðum við að leysa smíði, útgáfu og rekstur þeirra, og velt mikið fyrir mér lausnum á ýmsum vandamálum varðandi þetta málefni.

Ég hef því miður ekki náð að reyna að byggja form með stöðlunginum, og sumpart ekki náð að kafa alveg nógu djúpt í tiltekin atriði. Með fyrirvara um þær villur sem það kann að valda eru hér settar fram mínar helstu athugasemdir. Ennfremur biðst ég velvirðingar ef ég hringla með íslensku hugtökin en þau eru mér ekki töm.

Hvað er eyðublað?

Staðallinn tekur á því hvernig eyðublað skuli byggt. En hvað er eyðublað? Ef eyðublað er birt notanda í fleiri en einu skrefi, er þá hvert skref eyðublað? Eða eru allar birtingar skilgreindar saman í einu stóru eyðublaði?

Ef hvert skref í eyðublaðaferli er sjálfstætt skilgreint, þá getur verið flóknara að safna öllum gögnum úr ferli saman. Klassíkt dæmi um fjölskrefaeyðublað er þegar beðið er um kennitölu (og kannski nokkur önnur atriði) í fyrsta skrefi, og þá farið í að tína saman hvað annað þarf að spyrja viðkomandi um (sem getur verið misjafnt eftir því hver hann er og



hvað hann hefur áður fyllt út). Dæmi: Á síðu 4, hvernig vitum við að við eigum ekki að birta spurningar um maka byggt á "áttu maka" svari á síðu 1?

Það eru nokkrar leiðir til framhjá þessu.

A. Að gefa sér að hvert fyrsta-level gagnaknippi sé "skref".

Það mætti hugsa sér að til yrði ný týpa "StepDataGroup" sem lýsti skrefi á forminu. Mér finnst þetta versti kosturinn þar sem þetta er eykur flækju og minnkar sveigjanleika.

B. Að leyfa fleiri en eitt Formular (eyðublað) per skilgreiningu.

Þannig mundu allar týpur í staðallinum færast niður um eitt lag og ný rótarnóða yrði eitthvað eins og "FormularCollection" frekar en "Formular".

Í bæði lið A og B þyrfti að hugsa aðeins um það hvernig "Header" virkar. Á t.d. að birta haus á gagnaknippi/skrefi frekar en eyðublaði. Ef svo er, til hvers er þá haus á eyðublaði? Í B þarf þá á móti að verða til til nýtt hól sameiginlegra eiginda fyrir allt safnið.

C. Aðskilja gagnalýsinguna frá skilgreiningu á eyðublaðinu sjálfu.

Þetta hefur þá kosti að hægt er að búa til margar framsetningar þrátt fyrir að alltaf sé verið að biðja um sömu gögn. Hægt er að lykla saman "gagnakröfu" frá eyðublaðagögnum, og þá reiti sem á að birta hverju sinni.

Þetta hefur annan gríðarlega mikilvægan kost. Auðveldara væri að vinna gagnalýsingar og eyðublað samhliða. Hægt væri að smíða lýsingar út frá eyðublaði gerðu í ritli af sérfræðingi (eða hönnuði), eða öfugt, ef lýsing á gagnakröfum liggur fyrir þá getur eyðublaðahönnuður unnið með þær sem ramma.

Þetta þýðir líka að hægt væri að bæta í gagnalýsinguna án þess að það þyrfti endilega að setja reiti inn í birtingarhlutann samstundis.

Þetta er leið sem Xforms hafa farið. Reyndar er Xforms þannig gert að hægt er að skilgreina gögn/gagnatýpur bæði á reitunum sjálfum og/eða í módeli sem reitirnir tengjast síðan. Það eru mjög góðar ástæður fyrir því að þetta var gert. Til dæmis er augljós kostur að ef margir reitir geta tengst á sama stað í gagnatré þá er auðveldara að stemma af reiti í seinni skrefum í fjölskrefaferli.

Umhugsunarefni: Þörf er á því að birta upplýsingar úr einum reit annarstaðar á forminu. Hvort er betra að vísa þeim lið á lykíl á þeim reit, eða báðum á staðsetningu í hliðstæðu gagnamódeli?

Gagnaknippi



Er þörf á takmörkunum á því hversu djúpt gagnaknippi mega fara? Ekki að ég sjái þetta sem vandamál. En mér er hulinn tilganginn með því að búa til þessa takmörkun.

Í ritlinum sem ég er með í smíðum, og margra ára starfi sem vefformasmiður, hef ég ekki haft raunverulega þörf á meiri knippum en 2 level'um á dýpt. Þessi takmörkun á samt kannski frekar heima í editor en í staðlinum sjálfum.

Framsetningarlýsingar

Í stöðlungnum er lítið að finna af skilgreiningum á því hvernig framsetningu á forminu skal háttað. Reyndar virðist staðallinn mjög miðaður að því að lýsa gögnum sem taka á við í gegnum eyðublaðið.

Gert er ráð fyrir @GUIComponent eigindi, en það dugur frekar skammt til þess að lýsa öllu því sem ég vil t.d. birta. Mér sýnist þetta eigindi vera mjög skammt hugsað. Reyndar er það þannig að mikið af þeim gögnum sem á að taka við eru þannig í eðli sínu að þau geta ekki verið annað en sett fram á nema á einn ákveðinn hátt. Þarna þarf nauðsynlega aðkomu viðmótsfræðings að staðlagerðinni.

Mér finnst mjög undarlegt að ekki skuli vera gert ráð fyrir að það eigi að vera takkar á rafrænum eyðublöðum.

Það þarf að vera hægt að birta upplýsingar (og/eða gögn) á eyðublaðinu án þess að það séu eiginlegir reitir/gögn. Hér á ég við útskýringatexta (hvort sem hann er HTML eða einfaldur texti), fyrirsagnir, og texta-stikur, og mögulega útskýringamyndir (þótt það sé kannski frekar hæpið). Mögulega er það hugmyndin með @ReadOnly eigindinu? Mér finnst þó vera eðlislegur munur á texta ætluðum til framsetningar og gildi/reit merktum read-only. Þetta er kannski vegna þess að flestir aðrir staðar sem ég vinn með gera þennan mun, en þá er líklegt að þetta virki eins á aðra sem vinna í svipuðu umhverfi.

Ég er þeirrar skoðunar að stöðlungurinn hljóti að þurfa að leysa þessi mál. Ef hann er skilinn eftir takmarkaður og ætlast er til að hann sé "stækkaður" með namespace, þá er alveg eins hægt að notast við Xforms og stækka þann staðal með namespace.

Validation

Aðferðir til þess að hægt sé að sannreyna gögnin sem taka á við virðast frekar takmarkaðar, þótt gagnatýpum séu gerð góð skil. Dæmi um slíkt eru @Min og @Max eigindin sem gert er ráð fyrir inni í stöðlunginum og gefa kost á takmörkun á hæsta og lágsta gildi.

Ég á hér við að það vanti frekar einhverja leið til þess að gefa til kynna nánari prófun á t.d. mótteknum streng. Það virðist t.d. ekki hægt að takmarka innslátt við mestu lengd strengs (d. 15 stafir), takmörkun við ákveðin gildi (sléttar tölur, virka vikudaga), o.s.frv.



Þótt ég finni ekki aðferðina við að takmarka útfyllingu á tilteknum reitum byggt á öðrum, þá sé ég á skjöluninni að það hefur a.m.k. verið skoðað og hugleitt. Það þarf að vera hægt að gera svæði ýmist "nauðsynleg" eða "óþörf" eftir því hvort að einn eða fleiri reitir svara tilteknum reglum.

Týpur sem mögulega vantar í stöðlunginn

Væntalega er fæst af þessu krítískt, en ég set þetta hér til fihugunar þar sem þetta eru hlutir sem ég er oft að setja inn á vefform.

- Statískar upplýsingar (texti)
- Statískar upplýsingar (fyrirsögn)
 - Það er ekki gefið að fyrirsagnir sem birtar eru notanda séu alltaf fastar á gagnaknippi. Að mínu mati er þó hægt að réttlæta þá kröfu, sérstaklega ef einhver tók eru á því að "tagga" statískan birtingartexta.
 - Kreditkortanúmer
 - Póstnúmer
 - Land, eða þjóðerni
 - Password / Secret
 - Það þarf að vera hægt að búa til reiti þar sem notandi getur slegið inn eitthvað eins og lykilorð, eða pin-númer, án þess að það sjáist á skjánum.

Eigindi sem vanta í stöðlunginn

- Klasamerking (eins og xHTML @class), eða einhverskonar taggability sem hægt er að varpa yfir í slíkt.
- Hint / help
 - Hjálpartexti birtur notanda um útfyllingu á reitum. Aðgengi, eins og öryggi, er erfitt að plástra á eftirá, og betra er að hugsa fyrir því frá upphafi. Ég vísa í samþykkt stjórnvalda um aðgengi: (<http://www.forsaetisraduneyti.is/upplýsingasamfelagid/adgengismal/>). Um þetta þarf vart að hafa fleiri orð.
 - Eining (e. unit) / Snið insláttar
 - Þegar innsláttur á sér stað er algengt að gefa einingu til kynna: "Fjárhæð: _____ (kr.)", það mætti þó hugsa sér að þetta væri gert með statískum gildum eða í label reits.
 - Þegar innsláttur á að vera eftir ákveðnu sniði er algengt að gefa það til kynna: "Dagsetning: _____ (dd. mm. yyyy)"
 - Þetta er ekki það sama og hint/help.
 - Requirement / Relevance



- Eitthvað sem kallar fram virknina: Ef reitir X og/eða Y hafa tiltekna stöðu á að krefjast útfyllingar eða gera hana ónauðsynlega.
- Validation pattern/rule
 - Einhverjar leiðir þarf til þess að sannreyna gögn frekar en með típu, s.s. ef dagsetning má ekki vera mánudagur, eða fyrsti hvers mánaðar.
 - Compact / Inline
 - Á að birta gagnaknippi, eða reit, að fullu eða að hluta? Munurinn liggur t.d. í því hvort einkvæmt val er birt sem radio-takkar, eða sem fellivalmynd.

Niðurlag

Ég hef í hálfkæringi kastað fram tveimur lögmálum um XML skema:

1. XML snið verður að gera það jafn auðvelt að smíða flókna hluti og það er erfitt að smíða einfalda hluti.
2. XML snið verður samtímis að ná langt umfram, en þó skorta lausnir fyrir, tilgang sinn.

Þótt reglurnar séu settar fram í hálfgerðri örvæntingu eftir að hafa þurft að vinna með marga misgóða staðla eru fólgin í þeim ákveðin sannindi. Helsti kostur staðals getur jafnframt verið hans versti galli.

Það er eðlilegt að verkfræðingar eða forritarar líti svo á að gerð eyðublaða sé forritun. Það þarf þó ekki að vera hinn eini sannleikur. Á hverju vandamáli geta verið fleiri en ein nálgun. Einn helsti ókostur stöðlungsins er einmitt sú niðurstaða að gerð eyðublaða sé í eðli sínu forritun. Þetta mótast kannski af því að fáir ritlar eru til sem ráða



Þægilega við að gera flókin eyðublöð.

Þó svo að endanlega muni gögnin sem færast í gegnum eyðublaðið verða að geymast einhversstaðar er það ekki sjálfgefið að það gagnaskema sem þau sitja í sé það sama og forskriftin að eyðublaðinu. Það gæti þó orðið freistandi að horfa á eyðublaðið sem forskrift að því gagnaskema sem vista á gögnin með. Á sama hátt og eyðublaðinu er varpað yfir í t.d. HTML til þess að birta það, er hægt að varpa því yfir í forskrift að töflu í gagnagrunni. Þetta gæti þó reynst erfitt í viðhaldi.

Það er mín skoðun að lang stærsta vandamálið við rafræn eyðublöð sé viðhald þeirra. Það getur verið töluverður kostnaður fólgin í því að búa þau til, en mikilvægt er að sá kostnaður sé ekki greiddur í hvert skipti sem smávægilegar breytingar þurfa að eiga sér stað.

Sú niðurstaða skjölunarinnar að viðhald eyðublaða sé forritun er að okkar áliti umdeilanleg.

Það er óhugnanleg tilhugsun að ímynda sér kostnaðinn og tímann sem það tekur fyrir ríkið að endurskoða jafnvel bara lítið prósentuhlutfall af þeim eyðublöðum sem eflaust verða í rekstri eftir 4-5 ár. Ef við ímyndum okkur að ný reglugerð kalli á breytingu á einum algengum reit á 2% eyðublaða í rekstri, og að forritari og kerfisstjóri þurfi að koma að því að laga hvert þeirra, þá er ekki líklegt að ríkið geti aðlagast breytingum mjög hratt.



Ef t.d. reitur er felldur út úr eyðublaði sem er í rekstri ætti í raun að vera óþarfi að breyta gagnagrunninum, frá og með breytingunni eru innsend svör einfaldlega með tómt gildi í viðkomandi reit. Með sama hætti ætti gagnagrunnsskema að ráða við að nýtt eigindi bætist við eyðublað í rekstri.

Forritunarleg vandamál við eyðublaðasmíði ætti að vera hægt að leysa (flest)öll í einu og þau ættu í raun ekki að þurfa að há vinnu þeirra sem viðhalda eyðublöðunum.

--

Fh. Hugsmiðjunnar,
Borgar Þorsteinsson
borgar@hugsmidjan.is

--

Thorarinn 'Toro' Stefansson

// Consulting and business
development

toro@hugsmidjan.is
<http://www.hugsmidjan.is>
Hugsmiðjan ehf. -
Snorrabraut 56, 105 Rvk.
tel. (+354) 5 500 900

Rýni

Samkvæmt tillögu sem send var 2. Október er gert ráð fyrir að grunnklasi allra eyðublaða ætti að vera Formular gagnatög. En miðað við það er gert ráð fyrir að skilgreiningin á eyðublöðunum verði XML skjöl en ekki XML skema(xsd). Við teljum þetta ekki skynsamlegt þar sem forritanlegur stuðningur við þannig skilgreiningar er ekki góður og erfitt getur reynst að sannreyna að útfyllt XML skjal uppfylli kröfur skilgreiningarinnar. Vandamálið við Formular gagnatagið er að ekki er



hægt að nota það sem grunnklasa í öðrum XSD skemum þar sem notaðar eru DataGroup gagnatög. Ekki er hægt skv. hlutbundinni högun að skilgreina hvert innihald DataGroup tagsins ætti að vera. Engar athugasemdir eru gerðar við complex, simple og enumerator töginn sem eru skilgreind þótt þurfi að klára þær skilgreiningar og bæta við fleirum. Mikilvægt er að þessar skilgreiningar verði sem nákvæmastar svo allir geti notað sömu grunntög. Nefna má sem dæmi að „Person“ þarf að innihalda titil og „Hjúskaparstaða“ þarf að hafa mun fleiri skilgreiningar.

Breytingatillaga

Við mælum með að haldið verði í Formular en að DataGroup tagið verði ekki notað. Í staðinn verði hægt að nota Formular sem grunntag í öðrum XML skemum sem myndu áfram skilgreina nánari útfærslu eyðublaðs. Hægt væri að nota áfram DataGroup tagið en það ætti að tilheyra öðru tagi sem erfir frá Formular taginu. Tillaga að nýjum skemum: Þar sem Iceland-Formular-

2.0.xsd gæti litið svona út: `<?xml version="1.0" encoding="UTF-8"?> <xs:schema xmlns="islForm" xmlns:xs="http://www.w3.org/2001/XMLSchema" xmlns:icom="icom" targetNamespace="islForm" elementFormDefault="qualified" attributeFormDefault="unqualified"> <xs:import namespace="icom" schemaLocation="Iceland-Common-1.0.xsd"/> <xs:complexType name="TypeFormular"> <xs:sequence> <xs:element name="Header" type="icom:TypeHeader"> </xs:element> </xs:sequence> </xs:complexType> </xs:schema> Iceland.is-enum-1.0.xsdIceland-Common-1.0.xsdIceland-Formular-2.0.xsdIceland-Formular-dynamic-2.0.xsdTR-From-1.0.xsdTR-OorkubA-1.0.xsdTR-Hjalpartaeki-1.0.xsd Iceland.is.ryni.docx Trúnaðarmál www.t.is 2/2`



Hönnunarreglur

Best er að öll skeyti lúti sömu hönnunarreglum. Þau ættu helst að líta út eins og formular-1.0 skemað segir til um. Mælt er til þess að einhverskonar hönnunarreglur verði ákveðnar og skjalaðar.

Stofna ætti fagráð sem fer yfir allar nýjar eyðublaðaskilgreiningar og sér til þess að breytingar á grunnskemum og complex tögum verði gerðar í samráði við sem flesta hagsmunaaðila. Horft er til HL7 (www.hl7.org) sem fyrirmynd af þesskonar fagráði.

[Sjá meðfylgjandi upprunalegt PDF minnisblað frá eMR]

Hermann Fannar Valgarðsson
<hermann@atom01.is>

To halla.bjorg.baldursdottir@for.stjr.is
cc

17.11.2008 16:05

Subject Re: Rýni á XML-skema fyrir rafræn eyðublöð

Sæl afsakaðu, ég gleymdi að senda það eftir fundinn.

Hér hefuru skjalið. Bestu kveðjur
Hemmi

Athugasemdir við drög “Rafræn eyðublöð og XML skema island is”

1.2 OpenDocument var samþykkt af ISO í maí 2005 og ýmsar lausnir svo sem OpenOffice, KOffice og Google Docs styðja það (sjá <http://opendocumentfellowship.com/applications>). Stuðning við Microsoft Word, Excel og Powerpoint er að finna með viðbót sem Microsoft fjármagnar. OpenXML var samþykkt í apríl 2008 og er aðeins styttra á veg komið, en á http://en.wikipedia.org/wiki/Office_Open_XML#Ecma_376_implementations er hægt að sjá hvaða forrit styðja Open XML og að hve miklu leyti.

2.1.1 Kröfur til virkni rafræns eyðublaðs, s. 11, hér vantar að taka tillit til aðgangs notenda með fötlun. Brotalamir á þessu á mörgum vefjum. Hér er bæði tækifæri til að bæta úr, auk þess sem þetta er enn mikilvægara þar sem fólk með fötlun, eins og sjónskertir og blindir, hefur enn meira gagn af vefaðgangi að þjónustu sem það þarfnast. Sjá http://en.wikipedia.org/wiki/Web_accessibility, <http://www.w3.org/TR/WCAG10/>

Sjá einnig 'section 508'

(<http://www.section508.gov/index.cfm?FuseAction=content&ID=12>) í Bandarísku löggjöfinni, t.d. lið 1194.21 (L), 1194.22 (n).



Evrópusambandið virðist við fyrstu sýn enn ekki hafa gengið eins langt, en þó er það stefna Evrópusambandsins¹ að vefir opinberra aðila séu aðgengilegir samkvæmt WAI leiðbeiningum W3 samtakanna (<http://www.w3.org/WAI/>).

2.3 Sjálfstæð eyðublöð. Hér er Microsoft Word (auk Adobe LiveCycle og MS InfoPath) nefnt til sögunnar en hvergi í skjalinu er minnst á OpenOffice og XForms/XPath stuðning þess sem virðist mun betri en í Word. Sjá http://opendocument.xml.org/files/xforms_ooo_06_10_25.pdf sem sýnir hvernig form er búið til þar sem sama tagið (nafnið) kemur fram á tveimur stöðum í XML trénu, atriði sem er takmarkandi þáttur í MS Word. Svo virðist sem einblínt hafi verið á markaðshlutdeild við val á hugbúnaði, en ástæðan fyrir því að OpenOffice hefur enga markaðshlutdeild í sölutölum er að það er frítt (auk þess má nefna að OpenOffice keyrir á Windows, Mac OS X og Linux).

3.5 Tól og staðlar

Í þessum kafla er einblínt á tól sem eru seld á markaði, en ekki lausnir sem eru frjálssar og/eða frjár, t.d. OpenOffice. Miðað við þá annmarka sem Word hefur þá hefði ég talið að OpenOffice XForms hefði verið skynsamari kostur.

3.5.1 Helstu vandamál

Margir vafrar styðja XForms í gegnum viðbætur. En einnig eru til 'client-side' lausnir byggðar á Javascript sem gerir **öllum** vöfrum, sem styðja Javascript (sem nánast allir vafrar gera), kleift að keyra XForms. Hér má nefna t.d. Ubiquity XForms en kóðinn að því er hýstur hjá Google Code og voru það webBackplane og IBM sem hófu það verk.

3.5.5 Helstu niðurstöður

Hér er dregin upp óþarflega dökk mynd af ferlinu. Eins og sést af skjalinu sem minnst er á í lið 2.3 þá þarf helst tölvulæsan mann til að setja inn reiti

1. Sérfræðingur setur upp gróft útlit á formi með notendavænu grafísku tóli.
2. Forritari eða tölvulæs aðili flettir upp á og tengir reitina við þau tög sem á við reitina. Tölvulæs aðili gæti einnig sett upp formið og leitað síðan til forritara fyrir flóknari atriði.
3. Útlitshönnuður útfærir útlit eyðublaðsins, ef þörf krefur.
4. Kerfisstjóri og/eða sérfræðingur halda utan um útgáfustýringu og dreifingu og notkun á eyðublaðinu.

Lokaorð

Vegna ofangreindra atriða vil ég benda á bls. 3 í skjali titluðu "Frjáls og opin hugbúnaður - Stefna stjórnvalda" sem forsætisráðuneytið gaf út í Desember 2007²:

1

http://www.europarl.europa.eu/omk/omnsapir.so/pv2?PRG=DOCPV&APP=PV2&LANGUE=EN&SDOC TA=18&TXTLST=1&POS=1&Type_Doc=RESOL&TPV=DEF&DATE=130602&PrgPrev=PRG@TITR E%257CAPP@PV2%257CTYPEF@TITRE%257CYEAR@02%257CFind@web%2520%257CFILE@BI BLIO02%257CPLAGE@1&TYPEF=TITRE&NUMB=1&DATEF=020613



1. *Gæta skal þess að gefa frjálsum hugbúnaði sömu tækifæri og séreignarhugbúnaði þegar tekin er ákvörðun um kaup á nýjum búnaði og ávallt skal leitast við að gera sem hagstæðust innkaup.*
2. *Leitast verði við að velja hugbúnað sem byggist á opnum stöðlum, hvort sem um staðlaðan búnað er að ræða eða sérsmíðaðan. Opnir staðlar eru yfirleitt ráðandi í frjálsum hugbúnaði.*
3. *Stefnt verði að því að opinberir aðilar verði ekki of háðir einstökum hugbúnaðarframleiðendum og þjónustuaðilum. Notkun frjáls hugbúnaðar er liður í því.*
4. *Stefnt skal að því að hugbúnaður sem smíðaður er og fjármagnaður af opinberum aðilum, m.a. í rannsóknar- og þróunarverkefnum, verði endurnýtanlegur. Liður í því er að hugbúnaðurinn sé frjáls. Í upphafi slíkra verkefna skal gera áætlun um endurnýtingu hugbúnaðarins.*
5. *Stuðlað verði að því að nemendur í menntastofnunum landsins fái tækifæri til að kynnast og nota frjálsan hugbúnað til jafns við séreignarhugbúnað.*

Mikilvægt er að líta til þess geira, sérstaklega þegar þær lausnir henta betur til verka.

Sjá einnig tengla á http://www.ut.is/fraedsla/opinn_hugbunadur/

Bestu kveðjur,
Laurent
Atom01

² http://www.forsaetisraduneyti.is/media/verkefnisstjorn-radstefna-rafraen-framtid/Frjals_og_opinn_hugbunadur_-_Stefna_stjornvalda.pdf



Varðandi formular.doc

Nokkur atriði, athugasemdir, og spurningar.

Hér legg ég áherslu á að nota helst ensku en annars íslensku.

Í tagnöfnum eru að finna orð sem ég hvorki kannast við né finn í orðabók, eins og:

Causus (Causus)

TypeFormular (Formular)

Auk þess benda mörg tagnöfnin til að skjalið hafi verið unnið í Word eða tóli sem styður ekki annað en 'flöt' xml skemu.

BaseEmail: Er einungis reiknað með einu netfangi pr. nafn?

Væri ráð að vera með veflægan tag-gagnagrunn, til þess að samræma gagnatög hinna ýmsu stofnana og fyrirtækja? Verulegur annmarki á vefnum er að töginn sem notuð eru í dag lýsa útliti gagna en ekki tegund þeirra. Samræming tag-heita er skref í átt að framtíðarsýn Tim Berners-Lee.

TypeAddress:

City2, hvað er það? Hvað gerist ef bærinn er alltaf í City? Hvort á að nota?

Vantar nafn (t.d. ef stíla þarf á annan en nafn)

TypeComplex/Name: Hvða er SecondLastName?

TypeComplex/Attributes: Er bara gert ráð fyrir einu þjóðerni?

TypeContactInfo: Hvað með Fax, SIP VOIP, Skype?

Af hverju er netfang skilgreint á fleiri en einum stað?

Á TypeOrganization/Members/Organizations [OrganizationID],[Stand] ekki að vera

TypeOrganization/Members/Organizations/Organization: [OrganizationID],[Stand]

Hvað er stand?

Annað hvort eru skema skilgreiningar margtaldar eða fleiri en ein skilgreining á sama hlutnum

Sjá:

TypeComplex/Name

TypeHeader/Owner/Person

TypePerson



Þar sem útskýringar á tögum vantar að verulegu leyti í formular.doc verður ekki tekin frekari afstaða til þess í bili.



prófaði skemað og.....sjá viðhengi

Bestu kveðjur / Kind regards / Venlig hilsen
Friðrik Marteinson

Upplýsingatæknideild
Embætti ríkisskattstjóra
Laugavegi 166
150 Reykjavík
Sími: 563 1233
Farsími: 821 4234
Bréfasími: 563 1298
Tölvupóstur: fridrik.marteinson@rsk.is

IT-Department
Internal Revenue Directorate
Laugavegi 166
IS-150 Reykjavík
ICELAND
Tel: +354 563 1233
Mobile: +354 821 4234
Fax: +354 563 1298
e-mail: fridrik.marteinson@rsk.is

Þarna sérðu skemað í Adobe Livecycle Designer. Flest innsláttarsvæði koma sem “drop down” listar með default value,. Ég dró nokkur svið yfir í formið og kom þeim fyrir.





Dagsetningarnar Fra_1 ... o.s.frv. koma réttar. Hvar_2 og Hvar_3 koma sem subform...sjá ör?



Sæl verið þið.

Því miður hef ég ekki haft tíma til þess að leggjast yfir þetta, en sendi hér nokkur komment:

Samanburður að XML skjölum á bls. 22 til 25 er ekki mjög sanngjarn. Annars vegar er tekið marflatt skjal og hins vegar strúktúrerað skjal skv. stöðlungi. Ég myndi mæla með því að bera saman handvirkt útbúið strúktúrerað XML og svo skjal skv. stöðlungnum. Eins væri ráð að hafa sömu gögn í báðum skjölum, þá verður þetta læsilegra.

Á bls. 25 segir:

1. Skjalið er mun flóknara en hið fyrra, en hafa verður í huga að ekki er ætlunin að fólk sé almennt að lesa XML skjalið sjálft. Með því að þróa og nota tól til að búa til eyðublaðið ætti að vera unnt að einfalda verulega gerð XML skjalsins þannig að síður þarf forritara í þá vinnu.

Ég hef áður nefnt að einn af stóru kostunum við XML formið er að gögnin geta verið læsileg. Því er að mestu varpað fyrir róða með þessum hugmyndum og hefur bæði kosti og galla.

Ég hef töluverðar áhyggjur af seljanleika þessarar stöðlungar. Það er ekki nóg að það sé fólk fyrir bestu að nýta stöðlunginn, það þarf líka að fást til að gera það og sjá sér raunverulegan hag í því.

Það er athyglisvert að reikningarnir sem nýbúið er að staðla og stöðlungurinn sem hér er settur fram skuli vera ósamrýmanlegir. Það gefur vissulega vísbendingu um að



það sé hægara sagt en gert að ætla að búa til almennan stöðlung varðandi eyðublöð.

Bestu kveðjur / Kind regards / Venlig hilsen
Bragi L. Hauksson



Minnisblað

eMR - Heilbrigðislausnir

Dagsetning | 15.10.2008

Höfundur | Gunnar Ingi Friðriksson, Gísli Harðarson

Efni | Rýni vegna stöðlunar á XML-Skema fyrir rafræn eyðublað

Skráarnafn | Island.is rýni

Rýni

Samkvæmt tillögu sem send var 2. Október er gert ráð fyrir að grunnklasi allra eyðublaða ætti að vera Formular gagnatög. En miðað við það er gert ráð fyrir að skilgreiningin á eyðublaðunum verði XML skjöl en ekki XML skema(xsd). Við teljum þetta ekki skynsamlegt þar sem forritanlegur stuðningur við þannig skilgreiningar er ekki góður og erfitt getur reynst að sannreyna að útfyllt XML skjal uppfylli kröfur skilgreiningarinnar.


Vandamálið við Formular gagnatagið er að ekki er hægt að nota það sem grunnklasa í öðrum XSD skemum þar sem notaðar eru DataGroup gagnatög. Ekki er hægt skv. hlutbundinni högun að skilgreina hvert innihald DataGroup tagsins ætti að vera.

Engar athugasemdir eru gerðar við complex, simple og enumerator tögin sem eru skilgreind þótt þurfi að klára þær skilgreiningar og bæta við fleirum. Mikilvægt er að þessar skilgreiningar verði sem nákvæmastar svo allir geti notað sömu grunntög. Nefna má sem dæmi að „Person“ þarf að innihalda titil og „Hjúskaparstaða“ þarf að hafa mun fleiri skilgreiningar.

Breytingatillaga

Við mælum með að haldið verði í Formular en að DataGroup tagið verði ekki notað. Í staðinn verði hægt að nota Formular sem grunntag í öðrum XML skemum sem myndu áfram skilgreina nánari útfærslu eyðublaðs. Hægt væri að nota áfram DataGroup tagið en það ætti að tilheyra öðru tagi sem erfir frá Formular taginu.

Tillaga að nýjum skemum:



Þar sem Iceland-Formular-2.0.xsd gæti litið svona út:

```
<?xml version="1.0" encoding="UTF-8"?>
<xs:schema xmlns="islForm" xmlns:xs="http://www.w3.org/2001/XMLSchema"
  xmlns:icom="icom" targetNamespace="islForm" elementFormDefault="qualified"
  attributeFormDefault="unqualified">
  <xs:import namespace="icom" schemaLocation="Iceland-Common-1.0.xsd"/>
  <xs:complexType name="TypeFormular">
    <xs:sequence>
      <xs:element name="Header" type="icom:TypeHeader"/>
    </xs:sequence>
  </xs:complexType>
</xs:schema>
```



Hönnunarreglur

Best er að öll skeyti lúti sömu hönnunarreglum. Þau ættu helst að líta út eins og formular-1.0 skemað segir til um. Mælt er til þess að einhverskonar hönnunarreglur verði ákveðnar og skjalaðar.

Stofna ætti fagráð sem fer yfir allar nýjar eyðublaðaskilgreiningar og sér til þess að breytingar á grunnskemum og complex tögum verði gerðar í samráði við sem flesta hagsmunaaðila. Horft er til HL7 (www.hl7.org) sem fyrirmynd af þesskonar fagráði.